

FRÆDSLUNEFNDARFUNDUR FIMMTUDAGINN 20. NÓVEMBER 2014 HALDINN Í  
KIRKKJUHVOLI.

NR. FUNDAR: 135

Mættir: Auðbjörg B. Bjarnadóttir, formaður, Sverrir Gíslason varaformaður, Arndís Jóhanna Harðardóttir, Ragnheiður Hlín Símonardóttir, Eyrún Elvarsdóttir, ritari. Eygló Kristjánsdóttir, sveitarstjóri.

Fundur settur: K109:17

Formaður setur fund og býður nefndarmenn velkomna og síðan er gengið til dagskrár.

K1 09:15 – 09:45

Heilsuleikskólinn Kærabær

Mætt eru: Guðrún Sigurðardóttir starfandi leikskólastjóri í Heilsuleikskólanum Kærabæ, Sunneva Kristjánsdóttir fulltrúi leikskólabarna.

1. Drög að fjárhagsáætlun 2015 lögð fram til kynningar og umræðu. Eygló fór yfir drög að fjárhagsáætlun og fjárhagsstöðu fyrstu 9 mánuði ársins.

Engar forsendubreytingar eru gerðar, það er að segja gert er ráð fyrir sama barnafjölda og sama starfsmannafjölda.

Guðrún óskar eftir að liðurinn önnur vörukaup. Þörf er á að endurnýja eftirfarandi: teppi, dótakassa, gardínur og korktöflu. Einnig vantar starfsmannastóla í fatahengi og uppþvottavél í eldhús leikskólanum.

Þörf er á endurbótum á leikskólalóð og ný leiktæki.

Athuga þarf hitastig á vatni í leikskóla

Guðrún leggur einnig áherslu á að gert verði ráð fyrir í fjárhagsáætlun kostnaði vegna úrbóta í framhaldi af athugasemdum frá heilbrigðiseftirlitinu.

2. Önnur mál

Guðrún afhenti formanni samantekt af áhættumati sem að Guðrún hefur unnið fyrir starfsmenn Heilsuleikskólans Kærabæ.

Kl. 09:50 – 10:10

Tónlistarskóli

Brian Rogar Haroldsson skólastjóri tónlistarskóla mætir á fundinn.

1. Drög að fjárhagsáætlun 2015 lögð fram til kynningar og umræðu

Eygló fór yfir drög fjárhagsáætlun og fjárhagsstöðu fyrstu 9 mánuði ársins.

AJH

04.01.

AB

Engar forsendubreytingar eru gerðar, það er gert ráð fyrir sama nemendafjölda og sama starfsmannafjölda.

Brian kom með beiðni um að fá nýja tölvu fyrir tónlistarskólann.

## 2. Önnur mál

Kl. 10:15 – 10:45

### Kirkjubæjarskóli á Síðu

Mætt eru: Kjartan Hjalti Kjartansson, skólastjóri, Karítas Kristjánsdótti fulltrúi kennara og Þórunn Edda Sveinsdóttir fulltrúi foreldra, Eygló Kristjánsdóttir, sveitarstjóri.

#### 1. Drög að fjárhagsáætlun 2015 lögð fram til kynningar og umræðu.

Eygló fór yfir drög fjárhagsáætlun og fjárhagsstöðu fyrstu 9 mánuði ársins.

Engar forsendubreytingar eru gerðar, það er gert ráð fyrir sama nemendafjölda og sama starfsmannafjölda.

Kjartan greinir frá að skólinn sé nýbúinn að taka við styrk frá Forritarar fram tíðarinnar í formi 10 tölva og einnig námskeið til að aðstoða við að skipuleggja upplýsingatækni.

Krakkarnir í 8.-10. bekk fengu til afnota spjaldtölvur sem hefur gengið vel.

Kjartan óskar eftir því að hækkaður verði liðurinn tölvukaup: til að kaupa spjaldtölvur fyrir þau börn sem eru í 7. bekk og koma upp í 8. bekk á næsta skólaári. Einnig að liðurinn önnur vörukaup verði hækkaður.

Kjartan leggur einnig áherslu á að gert verði ráð fyrir í fjárhagsáætlun kostnaði vegna úrbóta í framhaldi af athugasemdum frá heilbrigðiseftirlitinu. M.a viðhald vegna skólabyggingar, stigapallurinn vegna leka og glugga sem þar er, einnig gólfefni, klósettaðstaða þarfnast nauðsynlegra úrbóta.

#### 2. Niðurstöður Skólapúlsins

Kjartan var með stutta kynningu á niðurstöðu skólapúlsins sem að kom í heild mjög vel út, það voru nemendur í 6.-10. bekk sem tóku þátt í þetta sinn, það eina sem kom hvað helst neikvætt út er viðhorf gagnvart stærðfræði sem horfir þó til betri vegar.

Kl:10:50

### Fræðslunefnd

#### 1. Drög að fjárhagsáætlun 2015 lögð fram til kynningar og umræðu.

Eygló fór yfir drög fjárhagsáætlun og fjárhagsstöðu nefndarinnar og mötuneytis fyrstu 9 mánuði ársins.

AJH

## 2. Önnur mál

Fræðslunefnd lýsir yfir ánægju sinni yfir jákvæðri rekstarniðurstöðu allra skóla fyrstu 9 mánuði ársins.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan: 11:16

Ausbjörg Þ Bjarnadóttir

Eymin Elvassdóttir.

Arnaldur J Hardaróðsson

Þórunn Lárusdóttir

Ragnheiður Hinn Simonadóttir

Ólafur M.